

Stjórnarfundur í Húsakynnum bs. haldinn mánudaginn 12. janúar 2015 á Laugalandi, kl: 10,30

Mættir: Ingvar Pétur Guðbjörnsson, Björgvin G Sigurðsson, Steindór Tómasson og Guðmundur Einarsson sem ritaði fundargerð..

1. Ársreikningur 2015:

Drög að ársreikningi byggðasamlagsins fyrir árið 2014 lögð fram og yfirfarin. Stjórnin samþykkti fyrirbyggjandi drög.

2. Viðhald eigna:

Ákveðið að láta mála íbúðina að Giljatanga 3 á Laugalandi. Jafnframt var ákveðið að fela Bjarna J Matthíassyni hjá Eignaumsjón Ásahrepps og Rangárþings ytra að annast útboð á verkinu.

3. Sala eigna:

Stjórnin undirritaði kaupsamning um sölu á raðhúsi við Breiðöldu 5 á Hellu. Jafnframt var ákveðið að setja raðhúsið að Breiðöldu 7 á söluskrá.

4. Innheimta:

Húsasleiga er útstandandi hjá þremur fyrrum leigjendum. Ákveðið að senda þeim innheimtuútrekanir og herða á innheimtu.

5. Útleiga eigna:

Ein umsókn hefur borist um útleigu á íbúð að Giljatanga 1 frá Sigurði Guðjónssyni. Ákveðið var að leigja Sigurði íbúðina.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl: 11,30